



Garðabær
B.t. bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Í framhaldi af fundi forsvarsmanna Hrafnistu og Sjómannadagsráðs með bæjarstjóra, bæjarritara og fjármálastjóra Garðabæjar síðast liðinn fimmtudag sendum við undirrituð hér með eftirfarandi erindi.

Sjómannadagsráð óskar hér með endurskoðun á samningi þess við Garðabæ dagss. á þrettándanum 2017, um rekstur á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ. Við upphaf samnings var ljóst að verulegur taprekstur hafði verið á rekstri hjúkrunarheimilisins og það mundi taka tíma að snúa við þeim rekstri og voru því settar inn aukagreiðslur, m.a. húsnæðisgjald og aðrar aukagreiðslur til að mæta tapi upp að vissri fjárhæð. Endurskoða átti aukagreiðslur í upphafi árs 2020 og er sameiginlegur skilningur og niðurstaða hvernig skuli haldið áfram með þær greiðslur. Hins vegar munu aukagreiðslur í formi húsnæðisgjald breytast verulega á árinu 2020 og til frambúðar. Þar sem mun verr hefur gengið að ná niður rekstrartapi hjúkrunarheimilisins, m.a. vegna tekjuskurðingar, er ekki séð að það náist alveg á næstunni, þá óskar Sjómannadagsráð hér með eftir því að ákvæði um húsnæðisgjald haldist þannig að hjúkrunarheimilið fái áfram fullt húsnæðisgjald (46,3 millj á ári m.v. tölur samningsins 2017 með þeim verðlagsbreytingum sem verið hafa síðan) að lágmarki árin 2020 – 2022. Einnig leggjum við til að samningurinn í heild verði endurskoðaður og þeirri endurskoðun lokið ekki seinna en 31. maí 2021.

Þar sem við teljum að tíminn sé naumur og Sjómannadagsráð hefur ekki burði til að standa straum af stöðugum taprekstri óskum við eftir svari eigi síðar en 15. September 2020.

Reykjavík 26.08.2020

f.h. Sjómannadagsráðs

Halfdán Henrysson
Halfdán Henrysson, formaður stjórnar

f.h. Hrafnistu

María F. Harðardóttir
María F. Harðardóttir, forstjóri